

Framkvæmdasýsla ríkisins
Örn Baldursson
Borgartún 7a
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2019

Málefni:

Kæra Andrúms arkitekta ehf. á hendur forsætisráðuneytisins (verkkaupi) og Framkvæmdasýslu ríkisins (umsjónaraðili verkkaupa) FSR.

Vegna kæru Andrúms arkitekta (AA) á hendur forsætisráðuneyti og FSR, vill Arkitektafélag Íslands (AÍ) koma eftirfarandi á framfæri:

Samkvæmt 2. gr. laga AÍ er *tilgangur félagsins* m.a. „að stuðla að góðri byggingarlist“. Á Íslandi er löng hefð fyrir arkitektasamkeppnum á vegum félagsins. Í ljósi góðrar reynslu má fullyrða að flestir keppendur eru þess vel meðvitaðir að í keppnislýsingum eru venjulega ákveðin *skekkjumörk og svigrúm til túlkunar*.

Með vísan í *Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni* (dags. 20.12.2011) má fullljóst telja að tilgangur opinna hönnunarsamkeppna sé annar en þröngt forvals- og/eða framkvæmdaúboð skv. gr. 2.1 HUGTAKIÐ SAMKEPPNI, sbr.:

„Segja má að samkeppni sé sérstakt þróunar- og rannsóknarferli sem getur í mörgum tilvikum verið afar æskilegt til þess að kalla fram margbreytilegar lausnir á sama viðfangsefninu. Samkeppni getur gefið verkkaupa aðra sýn á viðfangsefnið auk þess sem hún hvetur til frjórrar hugsunar hjá verkkaupa og þátttakendum. Umræður milli leikmanna og fagmanna sem eiga sér stað við dómnefndarstörf draga fram aðalatriði verkefnisins og skerpa áherslur varðandi ákvarðanatöku um framkvæmd verksins.“

Reynslan af arkitektasamkeppnum sýnir að keppendum tekst oft að kljúfa viðfangsefnið enn frekar til mergjar en þeir sem skrifuðu viðkomandi keppnislýsingar og finna þannig

óvæntar og snjallar lausnir sem voru ófyrirséðar. Návæmar stærðir rýma segja samkvæmt framansögðu því ekki alla söguna um gæði bygginga.

Nýting, starfhæfni bygginga og samspil, þ.e.a.s. *listræn heildarlausn* skiptir oftast mestu máli, þegar upp er staðið. Til áréttingar þessari meginreglu skilgreina framangreindar *Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni* svigrúm dómnefndar til mats, skv. gr. 3.2.4. Dómnefndarstörf [...] sbr.:

Verði dómnefnd vör við minniháttar annmarka á tillögu er henni heimilt að láta það ekki hafa áhrif á niðurstöðu sína. [...].

Í ljósi framangreindra leiðbeininga, hefðar og reynslu af hönnunarsamkeppnum skv. reglum AÍ hafnar stjórn félagsins fullyrðingu kæranda AA um *ófrávíkjanlegar kröfur* um rýmisstærðir, sbr.: „dómnefnd er með þessu að að brjóta blað í sögu arkitektasamkeppna á Íslandi, [...] Í arkitektasamkeppnum á Íslandi hingað til, hafa rýmiskröfur um nettóstærðir verið *ófrávíkjanlegar [sic]* og hafa nettóstærðir verðlaunaðra verið innan eðlilegra stærðarmarka”.

Stjórn AÍ hafnar þessari fullyrðingu sem rangri og telur furðu sæta að reynslumiklir arkitektar haldi þessu fram og gætu þannig skert starfsskilyrði heillar fagstéttar, sem telst halda listræna nálgun í öndvegi.

AÍ leggur áherslu á að tilgangur arkitektasamkeppna er að finna farsæla lausn á oft viðkvæmum og flóknum verkefnum eins og samkeppnin um viðbyggingu við stjórnarráðshúsið er.

Svigrúm til mats og túlkunar er grundvallaratriði fyrir farsælar arkitektasamkeppnir sem hvetja til frjórrar hugsunar hjá verkkaupa og þátttakendum og geta stuðlað enn frekar að góðri byggingarlist.

Virðingarfyllt,



f.h. Arkitektafélags Íslands
Karl Kvaran, formaður